

Þannig er mál með vexti að fyrir Alþingi stendur breyting á barnalögum nr. 76/2003. Það sem snertir þann hóp sem ég fer fyrir er breytingin á lágmarksumgengni barns við foreldri sem það býr ekki hjá, eða svokallaðri "önnur hver helgi umgengni" eins og hún er gjarnan kölluð. Breytingin gengur út á að víkka út aðildina að þessum rétti, þannig að nánir aðstandendur, aðrir en foreldri sem ekki getur sinnt umgengni sinni við barn, geti fengið aðgang að þessum rétti barna okkar og krafist þess fyrir sýslumanni og dómstólum að fá að hitta barn skv. þessari lágmarksumgengni, sbr. 46. gr. a frumvarps til laga um breytinguna.

Í tilfellum okkar sem höfum misst maka mætti líta á það þannig að afar og ömmur eða systkini maka okkar "erfi" aðgang látins foreldris barna okkar að þessum rétti barnanna. Með rómantískum hætti mætti líta á þetta sem sjálfsagt mál, þ.e. ef að vinsakpur og sátt og samlyndi ríki á meðal eftirlifandi maka og fjölskyldu þess sem lést. Ekkert okkar hefur, held ég, eitthvað á móti því að börnin hitti fólk og ættingja látins maka okkar. Hins vegar er reyndin því miður önnur. Oftar en ekki hefur myndast togstreita um börnin, þar sem foreldrar þess látna telja sig eiga tilkall til að ganga inn í foreldrahlutverk þess sem lést. Mörg dæmi eru um erfið samskipti, sem oftar en ekki byggja á því að við sem eftirlifum stöndum okkur ekki sem skyldi í foreldrahlutverkinu að mati fyrrverandi tengdaforeldra okkar, sinnum börnunum ekki nógu vel að þeirra mati, ættum að lifa lífum okkar öðru vísi etc. etc. Því miður, þá er það svo hjá mörgum fjölskyldum í sorg að biturð, reiði og aðrar vondar tilfinningar ná yfirhöndinni. Það er mjög algengt hjá eftirlifandi fjölskyldu hins látna maka.

Við höfum þá skyldu að sinna börnunum okkar á þann besta hátt sem völ er á. Fyrir utan það að það sé mannleg skylda, sem býr ríkt í okkur öllum, þá hefur hún verið sett í réttarreglur, s.s. barnalög nr. 76/2003, í lög um mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/1994 sbr. 8. gr. sáttmálans og í stjórnarskrá Íslands, sbr. 75. gr. hennar. Breytingin á barnalögum nr. 76/2003 er frekt inngrip inn í frjálsan rétt okkar til að sinna þessari skyldu. Við sem foreldrar hljótum að standa jafnfætis öðrum foreldrum varðandi það hvort og þá hvenær við teljum það þjóna hagsmunum barna okkar, jafnvel þó svo að maka okkar njóti ekki við lengur. Það að makar okkar féllu frá breytir ekki grunngildunum sem börn okkar ólust upp við áður en andlátíð bar að garði. Í mörgum tilfellum hefur verið um slæm samskipti að ræða á milli maka okkar og foreldra hans. Jafnvel hefur það verið makinn sjálfur sem stóð í vegi fyrir því að börn hefðu samskipti við afa og ömmur. Það að hann féll frá breytir ekki þeirri stöðu, en skilur hins vegar eftir óuppgerð mál sem hlutgerfast yfir á þá sem eftir lifa. Það getum við ekki boðið börnum okkar upp á, allir hljóta að vera sammála um að þau hafi gengið í gegnum nóg með fráfalli foreldris síns. Þá er ófjallað um það að til eru dæmi um að börn vilja jafnvel ekki fara til foreldra þess sem féll frá. Með lagabreytingunni væri erfitt að virða þann vilja barnanna sjálfra. Hætta gæti skapast á að vilji þeirra sjálfra yrði því fótum troðinn, náí þessi breyting í gegn.

Breytingin á barnalögum myndi skerða þennan rétt okkar til að sinna uppeldisskyldunum okkar. Hún myndi leiða til þess að t.d. aðra hverja helgi gæti okkur verið skylt að senda börnin til náinna ættingja látins maka okkar, jafnvel þó svo að við vissum að það væri ekki hollt fyrir börnin okkar. Það skerðir rétt okkar til að sinna uppeldisskyldum okkar skv. ofangreindum mannréttindaákvæðum.

Við óskum eftir því að útveldir einstaklingar úr hópi okkar fái að koma fyrir nefndina til að skýra sjónarmið okkar betur og finna aðrar leiðir að markmiðinu sem stefnt er að með lagabreytingunni. Þá óskum við eftir því að meðferð frumvarpsins sé stöðvuð þar til að formlegar athugasemdir okkar hafa borist og óskum við eftir að nefndin gefi okkur formlegan tímafrest til þess.

Það er eðlilegt að hagsmunahópar fái að tjá sig og koma athugasemdum á framfæri, en engum úr hópi þeirra sem hafa misst maka og barnsföður/barnsmóður. Það verður að teljast undarlegt, því blákalt, þá erum við þau einu sem berum raunverulega siðferðilegar og lagalegar skyldur gagnvart börnum okkar.

Afrit af þessum pósti fer á Guðlaug Þór Þórðarson.

Kveðja/Regards,

*Gísli Kr. Björnsson
Héraðsdómslögmaður
Distr. Court Attorney/Partner*

*Síðumúla 27
108 Reykjavík, Iceland
Sími: 588 1177
Fax: 588 1179*